

11. fundur samstarfsnefndar Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Haldinn þann 2. desember í gegnum fjarfundarkerfið Zoom.

Fundinn sátu:

- Álfhildur Leifsdóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Drífa Árnadóttir, frá Akrahreppi
- Eyþór Einarsson, frá Akrahreppi
- Gísli Sigurðsson, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Hrefna Jóhannesdóttir, frá Akrahreppi
- Ingibjörg Huld Þórðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Jóhanna Ey Harðardóttir, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Ragnhildur Jónsdóttir, frá Akrahreppi
- Sigfús Ingi Sigfússon, frá Sveitarfélaginu Skagafirði
- Sigríður Sigurðardóttir, frá Akrahreppi,
- Róbert Ragnarsson, Freyja Sigurgeirsdóttir og Gunnar Úlfarsson frá RR ráðgjöf. Freyja ritaði fundargerð.

Fundur settur kl. 8.30.

1. Heimsóknir til þingflokka og í ráðuneyti

Hrefna og Sigfús hafa verið í sambandi við formenn þingflokka vegna fyrirhugaðrar heimsóknar nefndarinnar og munu halda þeim samskiptum áfram á næstu dögum. Gert er ráð fyrir að fulltrúar nefndarinnar fari til Reykjavíkur á næstu vikum en nánari dagsetning og fyrirkomulag heimsóknarinnar mun liggja fyrir síðar.

2. Tilboð vegna almannatengsla og auglýsinga

Gert er ráð fyrir því að nemendur úr Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra verði fengin til að vinna myndbönd fyrir verkefnið í janúar en ráðgjafarfyrirtæki yrði fengið vegna almannatengsla og auglýsinga. Óskað var eftir tilboðum vegna þessa og tvö tilboð bárust. Samstarfsnefnd samþykkir að taka lægra tilboðinu sem er frá H:N markaðssamskiptum.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 9:23.

Fundargerð yfirfarin og staðfest.